

Miðvikudaginn 25. september 1991.

Nr. 219/1991. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)  
gegn

**Ágústi Sigurði Ágústssyni**

(Kjartan Ragnars hrl.).

Bifreiðar. Ölvunarakstur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. maí sl. að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingu og staðfestingar á sviptingu ökuréttinda. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti krafðist ákærvaldið staðfestingar hins áfrýjaða dóms að öllu leyti ásamt greiðslu áfrýjunarkostnaðar.

Af hálfu ákærða er aðallega krafist sýknu, en til vara, að hann verði dæmdur í vægustu refsingu, er lög leyfa. Jafnframt er krafist málsvarnarlauna í héraði og fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til raka hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

### **D ó m s o r ð:**

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Ágúst Sigurður Ágústsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kjartans Ragnars hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

### **Dómur sakadóms Reykjavíkur 5. apríl 1991.**

Ár 1991, föstudaginn 5. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 178/1991: Ákærvaldið gegn Ágústi Sigurði Ágústssyni, sem tekið var til dóms 26. f.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 16. janúar 1991, á hendur ákærða, Ágústi Sigurði Ágústssyni múrara, Arahólum 2, Reykjavík, kt. 080448-4149, „fyrir að aka aðfaranótt sunnudags 29. júlí 1990 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R-65660 um Öndverðarnesveg í Grímsnesi í Árnessýslu.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar öku-réttinda samkvæmt 101. og 102. gr. nefndra umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

— — —

#### *Niðurstaða.*

Svo sem áður er rakið, komu lögreglumennirnir Svanur Kristinsson og Jóhanna Guðjónsdóttir að ákærða í bifreið hans, R-65660, aðfaranótt sunnudagsins 29. júlí 1990, þar sem hún stóð á Öndverðarnesvegi í Grímsnesi. Ákærði sat undir stýri bifreiðarinnar, og var hann ölvaður. Í viðræðum við lögreglumennina kvað hann eiginkonu sína hafa ekið bifreiðinni, en þeim sinnast 10-20 mínútum áður og hún þá drepð á aflvélinni og horfið af vettvangi. Við athugun reyndist útblástursrör bifreiðarinnar afar heitt viðkomu, og hefur Svanur Kristinsson borið fyrir dómi, að hiti þess hafi verið slíkur, að ekki samrýmdist framburði ákærða um það, hvenær drepð hefði verið á vélinni. Ákærði hélt enn fast við frásögn sína við skýrslutöku hjá lögreglu um nóttina. Kvaðst hann hafa sest undir stýri bifreiðarinnar til að lýsa á eftir eiginkonunni, þar sem hún hljóp frá bifreiðinni. Við yfirheyrslu síðar um daginn breytti ákærði framburði sínum og kvaðst hafa fengið ókunnugan mann til að aka bifreiðinni. Hefur hann haldið fast við þennan framburð fyrir dómi, en enga frekari grein getað gert fyrir ætluðum ökuþingnum. Þá hefur ákærði borið fyrir dómi, að hann hafi fært sig yfir í ökuþingnum til að tendra ökuljós bifreiðarinnar og eiga þannig hægara með að fylgjast með því, hvenær myndi stytta upp.

Allur framburður ákærða um málsatvik þykir ótrúverðugur og á köflum fjarstæðukenndur og því ekki marktækur að álitni dómsins. Þegar hins vegar eru virt þau atvik málsins, að komið var að ákærða ölvuðum í ökuþingnum bifreiðarinnar, að ræsilykill stóð í kveikjulás hennar, að útblástursrör hennar var afar heitt viðkomu og að ákærði hefur orðið tvisaga, bæði um það, hver ekið hafi bifreiðinni, og um ástæðu þess, að hann settist í ökuþingnum að akstri loknum, þykir dóminum sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi sjálfur ekið bifreiðinni greint sinn, en ákærði var samkvæmt eigin framburði undir áhrifum áfengis, svo sem áður er rakið, og er það í samræmi við framburð lögreglumanna og niðurstöðu fyrir-

liggjandi alkóhólrannsóknar. Þykir ákærði með akstri bifreiðarinnar hafa gerst brotlegur við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga.

*Sakaferill ákærða.*

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum refsingum:

- 1967 5/8 Vestmannaeyjar. Sátt: 200 kr. sekt f. brot g. 21. gr. áfl.  
 1969 5/6 Sakadómur Rvík. Dómur: Fangelsi 2 mán., skb. 2 ár, f. brot g. 1.mgr. 155. gr. alm. hgl.  
 1985 15/11 Sakadómur Rvík. Sátt: 12.000 kr. sekt f. brot g. 25. gr. umfl. Sviptur ökul. 12 mán. frá 24.10.85.

*Refsing og önnur viðurlög.*

Ákærði hefur með greindri háttsemi unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, og þykir hún með hliðsjón af sakaferli ákærða hæfilega ákveðin 60.000 króna sekt til ríkissjóðs. Skal sektin innt af hendi innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 20 daga.

Ákærði þykir enn fremur hafa unnið til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga. Við ákvörðun sviptingarinnar ber að líta til dómsáttar frá 15. nóvember 1985, sem hefur ítrekunaráhrif að þessu leyti. Ber því nú að svipta ákærða rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki í þrjú ár frá uppkvaðningu dómsins að telja. Samkvæmt 102. gr. sömu laga, sbr. 178. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974, ber að ákveða, að áfrýjun fresti ekki áhrifum dómsins að þessu leyti.

*Sakarkostnaður.*

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála til að greiða allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kjartans Ragnars hrl., krónur 25.000.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Ágúst Sigurður Ágústsson, greiði 60.000 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki innt af hendi innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í þrjú ár frá dómsuppkvaðningu að telja, og frestar áfrýjun ekki framkvæmd dómsins að því leyti.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kjartans Ragnars hrl., 25.000 krónur.